

LEIGUSAMNINGUR		RE19080012 / 10.9.15.153843
- um tún/ræktunarland á ríkisjörð		Nr. samnings:
Leigusali: (í samningi þessum nefndur leigusali/landeigandi) Ríkiseignir f.h. Ríkissjóðs Íslands kt. 540269-6459 í samræmi við heimild í 34. gr. jarðalaga nr. 81/2004, leigir hér með tún í landi ríkisjarðarinnar: Brúar L153843 Þingeyjarsveit	Leigutaki: (í samningi þessum nefndur leigutaki/lóðarhafi)	
Leiguskilmálar:		
1.	Nafn eða lýsing: Ræktunarspilda 1 í landi Brúa	Stærð: 18,7 ha. (14,0)
1.1	Lega hins leigða og takmörk eru skv. korti Ríkiseigna, dags. 28.4.2021, sem telst vera hluti af leigusamningi þessum.	
1.2	Hið leigða afhendist við undirritun leigusamnings þessa, í núverandi ástandi sem leigutaki hefur kynnt sér vel og gerir ekki athugasemdir við.	
2.	Leigusamningur þessi gildir til 1. júní árið 2031. Eftir þann tíma framlengist leigan ár frá ári, nema annar hvor eða báðir segi upp samningnum. Segja skal leigunni upp fyrir áramót miðað við næstu fardaga.	
3.	Leigugjald skal reiknast í samræmi við útg. reglur ráðuneytisins hverju sinni á gjalddaga leigunnar. Samkvæmt núgildandi reglum fjármálaráðuneytisins skal ársleiga fyrir hið leigða vera kr. 10.373,- á hektara, en þó aldrei lægri en lágmarksleiga kr. 51.863,- og taka breytingum m.v. byggingarvístölu, eins og hún er hverju sinni á gjalddaga leigunnar þar sem grunnvísitala 153,1 stig í mars 2021. Samkvæmt framangreindu er ársleigan nú kr. 145.222,-.	
3.1	Leiguna ber að greiða samkvæmt greiðsluseðli eða hjá innheimtumanni Ríkissjóðs og skal gjalddagi leigu vera 15. mars ár hvert. Fyrsti gjalddagi skal vera þann 15. mars 2022, fyrir tímabilið frá 1. júní 2021 til 1. júní árið 2022.	
3.2	Verði leigan ekki greidd 30 dögum eftir gjalddaga, falla á hana hæstu lögleyfðu dráttarvextir, á hverjum tíma, frá gjalddaga og má taka það lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.	
4.	Spildan er leigð til ræktunar, slægni og beitar.	
5.	Leigutaka er óheimilt að framleigja eða framselja leigurétt sinn og afnotarétt á landinu eða afhenda hann á nokkurn annan hátt. Ennfremur er leigutaka óheimilt að veðsetja leigurétt sinn á landinu.	
6.	Leigutaka ber að ganga vel um hið leigða og alla aðkomu því.	
7.	Leigutaki sér sjálfur um allt viðhald hins leigða og nýræktun, ásamt viðhaldi og endurnýjun nauðsynlegra girðinga, hliða og vegaslóða á sinn kostnað eftir því sem hann telur þörf á vegna afnota sinna. Leigutaka er óheimilt að fara mannvirkjagerð eða framkvæma meiriháttar breytingar á hinu leigða, s.s. að fara í meiriháttar framræstingu lands, skógrækt, vega- og brúargerð, eða byggingaleyfislyklar framkvæmdir, nema með skriflegu samþykki landeiganda. Allt viðhald, endurbætur og viðbætur sem leigutaki kann að gera á hinu leigða á leigutímanum verður eign leigusala að leigutíma loknum án endurgjalds, nema um annað verði samið skriflega fyrir fram.	
8.	Engin skylda hvílir á leigusala að tryggja aðgengi leigutaka að hinu leigða og innan þess. Leigutaki skal þó hafa kvöð um skilyrðislausu aðkomu að hinu leigða um núverandi vegi í landi jarðarinnar og vegaslóða sem liggja um aðrar ræktunarspildir í landi jarðarinnar.	
9.	Leigusala er frjálst að framselja hið leigða og leigusamning þennan. Nýr landeigandi yfirtekur þá réttindi og skyldur leigusala samkvæmt samningi þessum, gagnvart leigutaka. Leigutaki hefur ekki forkaupsrétt við framsal lóðarinnar.	
10.	Samningur fellir úr gildi alla eldri samninga sem kunna að hafa verið gerðir um sama land.	
11.	Brjótí leigutaki ákvæði samnings þessa, fer ósæmilega með hið leigða eða sinnir ekki skyldum sínum hefur hann fyrirgert leigufnotum sínum og fer þá með eignir hans í samræmi við grein 7. í samningi þessum.	
12.	Við uppsögn leigusamnings þessa, af hálfu annarshvors eða beggja aðila, hefur leigusali rétt til að aflýsa þinglýsingu á leigusamningi þessum einhliða við lok hans og án sérstaks samþykkis leigutaka.	

